

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

12. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 3. nóvember í Íþróttahúsinu við Strandgötu á skrifstofu íþróttafulltrúa.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinnsson (Björk), Sigurjón Andersen (KK), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Magnús Gunnarsson (Haukar), Þórarinn Sófússon (GSE), Stefán Kristófersson (Fjörður), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Viðar Halldórsson (FH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH) og Karl Klein (SH). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Sævar Már Gústafsson (ÍH), Kristín Pétursdóttir (SH), Gunnar Bjarnason (AÍH) og Þórunn Ansnes (Sörli).

## 1. Kynning á dagskrá formannafundar ÍBH sem verður haldinn laugardaginn 15. nóvember nk.

Fundurinn verður haldinn í félagsaðstöðu Siglingaklúbbsins Þyts og hefst kl. 9.00 og verður til kl. 13.30. Auk hefðbundinna verkefna verða tvö erindi, annað um fyrirhugaða Afreksíþróttamiðstöð Íslands og hitt um tillögu að breyttu skipulagi íþróttamála á Íslandi.

## 2. Hafnarfjarðarleikar – skipan vinnunefndar

Samþykkt að framkvæmdastjóri ÍBH hafi samband við fjögur félög/deildir. Íþróttafélagið Fjörð og Sundfélag Hafnarfjarðar vegna sunds, Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar vegna dans og Fimleikafélag Hafnarfjarðar vegna frjálsra íþróttar. Byrjað verður á því að kanna hvort þessir aðilar hafi áhuga á því að tilnefna fulltrúa í vinnuhóp sem kannar grundvöll fyrir því að byrja að halda alþjóðlegt íþróttamót í síðasta lagi árið 2016.

## 3. Bætt ímynd íþróttafélaga – skipan vinnunefndar

Eftir umræður var ákveðið að skipa ekki vinnuhóp um málefnið. Íþróttahreyfingin í Hafnarfirði er stór á íslenskan mælikvarða og sinnir mikilvægu uppeldis- og forvarnarstarfi auk íþróttastarfsins sem er með góðan árangur í mörgum mismunandi íþróttagreinum og eru jákvæð umfjöllunarefni mörg þegar á heildina er litið. Mikilvægt er að vera með jákvæða umfjöllun um íþróttir í bæjarfélaginu á heimasíðum og í fjölmiðlum. Ákveðið að fulltrúar félaganna inn í stjórn ÍBH hvetji stjórnir íþróttagreina í sínum félögum til að tilnefna fulltrúa sem sinni umfjöllun um sína íþróttagrein á heimasíðum og sé í góðum tengslum við fjölmiðla bæði í bæjarfélaginu og á landsvísu.

## 4. Nýjar iðkendatölur úr Felix til útreikninga á skiptingu tekna frá Íslenskri Getspá

Tölurnar eru frá árinu 2013 en kallast starfsskýrsla 2014. Iðkanir hjá aðildarfélögum ÍBH eru samtals 11501. Fimleikafélag Hafnarfjarðar er með 2301 iðkun, Knattspyrnufélagið Haukar er með 2248 iðkanir, Golfklúbburinn Keilir með 1298 iðkanir og Fimleikafélagið Björk er með 1124 iðkanir. Önnur félög eru með færri iðkanir. Samþykkt að nota nýjar tölur við næstu lottóúthlutun.

## 5. Námskrár íþróttafélaga / deilda

Félögin minnt á að uppfæra námskrár / kennsluskrár sínar reglulega m.a. út frá breytingum sem sérsambönd íþróttagreina gera á keppnisflokkum, áhöldum o.fl. Ef félög/deildir ætla að sækja um nafnbótina fyrirmyndarfélag ÍSÍ þá verða þau að eiga uppfærðar námskrár. Í samningnum milli ÍBH, Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto Alcan fá íþróttafélög og deildir árlegann styrk fyrir námskrár. Ef námskrá er uppfærð þá eru félög og deildir beðin um að skila gildandi námskrá til skrifstofu ÍBH um leið og sótt er um styrk fyrir íþróttastarfið 16 ára og yngri í lok árs.

## 6. Kynningarspjöld íþróttafélaga – hver er staðan?

Fulltrúar félaganna fengu verkefni fyrir ári síðan, engin búinn að skila sínu verkefni. Fulltrúar félaganna sammála um að flestar þessar upplýsingar væru á heimasíðum

félagann. Hvort kynning verði rafræn eða á striga / borða er ekki búið að ákveða. Framkvæmdastjóri ÍBH setur sig í samband við félögin og vinnur að niðurstöðu með hverju félagi fyrir sig.

**7. Fundir með bæjarstjóra um endurskoðun samninga við íþróttahreyfinguna**

Greint frá stöðunni í stuttu máli. Fundir halda áfram, næsti fundur miðvikudaginn 5. nóvember nk.

**8. Gögn sem ÍBH hefur borist:**

- a). Fréttabréf FÁÍA (Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra) september 2014.
- b). Bréf frá Lyftingafélagi Hafnarfjarðar þar sem óskað var eftir fundi með formanni og framkvæmdastjóra ÍBH.
- c). Bréf frá ÍSÍ um Formannafund ÍSÍ sem verður haldinn 14. nóvember nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík.
- d). Bréf frá ÍSÍ um hádegisfyrirlestur um leiðir að árangursríkum foreldrasamskiptum sem verður haldinn 5. nóvember í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík.

**9. Önnur mál**

a). Formaður og framkvæmdastjóri ÍBH funduðu með Lyftingafélagi Hafnarfjarðar 23. október sl. Félagið sendi inn gögn, lög, stofnfélaga, fundargerð stofnfundar, iðkendaskrá ásamt umsókn um aðild að ÍBH / ÍSÍ / LSÍ til skrifstofu ÍBH föstudaginn 31. október eftir að búið var að senda út fundarboð stjórnar ÍBH. Formaður félagsins er Guðmundur Már Þorvarðarson. Félagið hyggst iðka ólympískar lyftingar. Félagið hefur æfingaaðstöðu í Crossfitstöðinni við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Samþykkt að framkvæmdastjóri ÍBH ynni umsóknarferlið áfram.

b). RH greindi frá samtali sem hann átti við Hafnarfjarðarbæ um 15% skerðingu rekstrarstyrkja félaga frá Hafnarfjarðarbæ. Honum var tjáð að leiðréttingin fyrndist um áramótin ef félögin hefðu ekki sótt um hana. Síðasta bæjarstjórn samþykkti á vordögum að afturkalla þessa skerðingu frá 1. janúar 2014. Um mitt ár 2014 höfðu aðeins tvö félög fengið leiðréttingu. Framkvæmdastjóri ÍBH ræddi við Hafnarfjarðarbæ um mitt ár 2014 og óskaði eftir leiðréttingu allra samninga í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar og var tjáð að það yrði gert. Félögin hvött til þess að kann hvort þau séu búið að fá leiðréttingu. Framkvæmdastjóri ÍBH fylgir málinu eftir.

c). IK lagði til að bæjarstjóra yrði boðið á Formannafund ÍBH 15. nóvember nk.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.05

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.